



Náttúruverndarstofnun
Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Garðabær, 14.8.2025
Málsnúmer: 202508-0002
IAS

Efni: Framkvæmdir innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Hofsstadir.

Vísað er til erindis Náttúruverndarstofnunar frá 31. júlí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn um framkvæmdarleyfi innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Sótt er um leyfi til endurbóta á fráveitu og heitum pottum við Veiðiheimilið Hof í landi Hofstaða í Mývatnssveit. Að beiðni heilbrigðisfulltrúa voru tekin sýni úr fráveitu í Hofi í byrjun júlí sl. Í samræmi við niðurstöður þeirra fékkst tilboð frá lönveri ehf í fráveitubúnað sem heilbrigðisfulltrúi telur fullnægjandi og fyrirhugað er að koma honum fyrir vestan við húsið þar sem núverandi rotþró er. Um er að ræða hreinsistöð og siturbeð auk brunna fyrir sýnatökur. Einnig er fyrirhugað að endurnýja lagnir við húsið og setja upp fituskilju fyrir eldhús. Loks er fyrirhugað að skipta út heita pottinum sem er nú við húsið og setja tvo nýja potta örlítið sunnar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina ásamt fylgigögnum og gerir ekki athugasemdir við veitingu framkvæmdaleyfis.

Þar sem núverandi fráveita stenst ekki kröfur er nauðsynlegt að skipta honum út og setja upp búnað sem stenst ítrustu kröfur. Fyrirhuguð lausn hefur verið metin fullnægjandi auk þess sem settir verða upp brunnar til að auðvelda sýnatökur við eftirlit.

Líklegt er að eitthvert rask verði á nútíma hrauni en það er að mestu á svæði sem þegar hefur verið raskað. Fyrirhugað er að leggja þökur og sá í svæði sem verður raskað en Náttúrufræðistofnun leggur til að skoðað verði hvort ekki sé hægt að endurnýta staðargróður að framkvæmdum loknum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur